


BORGARFJARÐARVEGUR (94)

Lagarfossvegur - Sandur

Kynning framkvæmda

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Apríl 2008

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	MATSSKYLDA	2
1.4	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.5	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSADILAR	2
1.6	LEYFISVEITENDUR	2
1.7	RANNSÓKNIR	2
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	3
2.1	STAÐHÆTTIR	3
2.2	NÚVERANDI VEGUR.....	3
3	FRAMKVÆMDALÝSING	3
3.1	VEGUR	3
3.2	EFNISÞÖRF.....	3
3.3	FRÁGANGUR	3
3.4	VINNUBÚÐIR.....	3
3.5	REKSTUR.....	3
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	4
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	4
4.1.1	Vegagerð	4
4.1.2	Efnistaka.....	4
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	5
5.1	LANDSLAG	5
5.2	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	5
5.3	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	5
5.4	SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ.....	5
5.5	MENNINGARMINJAR	5
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	6
7	NIÐURSTAÐA	6
8	HEIMILDIR	7
9	TEIKNINGAR	7

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar lægfæringar á 4,6 km löngum kafla á Borgarfjarðarvegi, frá slitlagsenda skammt sunnan við Lagarfossveg að slitlagsenda við Sand. Vegurinn verður breikkaður og lagður bundnu slitlagi. Veglína helst óbreytt að stærstum hluta en þó verður hæðarlega og beygjur lagfærðar lítillega.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið en með henni mun umferðaröryggi aukast á þessum kafla.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Borgarfjarðarvegi og tryggja greiðari samgöngur. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst.

1.3 MATSSKYLDA

Ekki þarf að kanna matskyldu framkvæmdar. Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft samráð við ýmsa aðila.

1.4 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótsdalshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af núverandi vegi að mestu og efnistöku. Breytingar verða á veglínu norðan við bæinn Móberg þar sem beygjur eru lagfærðar og í kringum stöð 2200 þar sem hæðarlega verður löguð sem og beygjur. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Framkvæmdasvæði sést á teikningum 1-4.

1.5 LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð hefur verið haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur og ábúendur**, um framkvæmdir og efnistöku:
 - **Móberg og Ásgrímsstaðir**: Friðrik Halldórsson
 - **Víðastaðir**: Steindór Einarsson
 - **Hóll**: Eigandi, Fljótsdaldshérað, leigjandi Guðmar Ragnarsson
 - **Sandur**: Sigríður Guðmarsdóttir og Guðjón Sigmundsson
- **Sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs**, varðandi framkvæmdarleyfi

1.6 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótsdalshéraðs.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.7 RANNSÓKNIR

Veglínan hefur verið þversniðsmæld. Gæði efnis á efnistökuverum hefur verið kannað. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.

2 STADHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 STADHÆTTIR

Fyrirhuguð framkvæmd er á Fljótsdalshéraði, um 33 km norðan við Egilsstaði. Vegurinn liggur um land sem þegar er raskað að miklu leyti vegna vegagerðar og landbúnaðar. Umhverfis veginn eru klapparholt (Þórarinsholt), mólendi og votlendi með grónum melum á milli.

2.2 NÚVERANDI VEGUR

Núverandi vegur er frekar mjór malarvegur með ágætri veglínu að stórum hluta. Á einum stað liggur hann þó um klapparholt með varasömum beygjum og hæð.

Ársumferð Borgarfjarðarvegur á þessum kafla var 76 bílar á dag árið 2006. Framreiknuð umferð árið 2026, 20 árum seinna er 123 bílar á dag.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 VEGUR

Vegurinn verður breikkaður og styrktur á framkvæmdakafli. Þar sem vegur liggur um klapparholt í kringum stöð 2200 verður veglínan löguð og klapparholtið lækkað lítillega. Beygjur á milli stöðva 1300-1500 og 2500-2600 verða lagfærðar. Vegurinn verður í vegflokki C2 og verður 6,5 m breiður með 6,3 m breiðu bundnu slitlagi. Áætlað er að framkvæmdin taki um 3 mánuði og að henni verði lokið í september 2008.

3.2 EFNISÞÖRF

Áætluð heildarefnisþörf um 35.450 m³. Gert er ráð fyrir að um 13.600 m³ af efni í fyllingar, þar af um 8.500 m³ úr skeringum og um 5.100 m³ úr námu. Í neðra burðarlag er áætlað að þurfi 16.300 m³ og um 4.700 m³ í efra burðarlag. Gert er ráð fyrir um 850 m³ af efni í klæðingu. Efni í fyllingar, neðra burðarlag og klæðingu er áætlað að taka úr námu A sem er á áreyrum við Lagafljót í landi Móberg. Áætlað er að taka efni í efra burðarlag úr námu B sem er klapparskering á Lagarfossvegi en sú náma er í landi Móbergs og Víðstaða. Með efnistöku úr námu B verður klapparholtið sem Lagarfossvegur liggur yfir á þessum stað lækkað þannig að blindhæð hverfur.

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta og fyllinga. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Framhjálaup verður fjarlægt að framkvæmdum loknum.

3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbýggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnisþörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnisþörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega og gerð brúa þarf efni í steypu, klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 LANDSLAG

Veglína helst að mestu leyti óbreytt. Breyting verður þó á einum stað þar sem klapparholt verður lækkað og veglína löguð og tvær beygjur breytast lítillega. Veglína liggur um svæði sem þegar er raskað með vegagerð og landbúnaði.

Efni er tekið úr skeringum og úr áreyjum Lagarflióts sem og úr námu í landi Móbergs og Víðastaða.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin mun hafa hverfandi áhrif á landslag þar sem veglína helst að mestu leyti óbreytt. Eitthvað rask verður þó vegna efnistöku í námu B en gengið verður frá námum að framkvæmdum loknum.

5.2 LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Framkvæmdin er í landi Víðistaða, Móbergs, Ásgrímsstaða, Hóls og Sands.

Áhrif á landnotkun

Vegfarendur munu verða varir við framkvæmdina þar sem umferð fer um framhjáhlaup á meðan á framkvæmdum stendur. Búast má við einhverjum töfum og óþægindum vegna þessa. Veglína breytist lítillega í landi Ásgrímsstaða og Móbergs og efnistaka er áætluð í landi Móbergs og Víðastaða. Veglína breytist ekki í landi Hóls eða Sands. Vegurinn mun ekki hafa áhrif á landnotkun.

5.3 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Framkvæmdasvæðið liggur um klapparholt og gróið land. Veglína helst að mestu óbreytt. Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

Áhrif á gróðurfar og dýralíf

Gróðurlendi mun skerðast lítillega þar sem breytingar verða á veglínu. Reiknað er með að áhrif á gróðurfar og dýralíf verði óveruleg.

5.4 SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ

Lítill hluti framkvæmdasvæðis er í jaðri eða lítillega inni á svæði á náttúruminjaskrá, “*Votlendi og sandar í Hjaltastaðapinghá og Hjaltastaðaásar*”. Á þeim hluta er um endurbætur á núverandi vegi að ræða, þ.e. styrking og klæðing með bundnu slitlagi. Engin breyting verður á veglínu og er því ekki um neitt rask á svæðinu að ræða.

5.5 MENNINGARMINJAR

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námum.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúiðr gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.

7 NIÐURSTAÐA

- Endurbyggður verður 4,6 km langur kafli á Borgarfjarðarvegi.
- Efnistaka verður úr skeringum og tveimur námum, einni í áreyrar Lagarfljóts og hin í klapparholt á Lagarfossvegi.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum og öruggari samgöngum og minni ryk- og hljóðmengun.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruvinnjaskrá, mars 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/natturuvernd/natturuvinnjaskra.
3. Aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017

9 TEIKNINGAR

- | | |
|---|---------------------------|
| Teikning 1. Vegagerðin, (2008): | Yfirlitskort |
| Teikning 3. VGK Hönnun/Vegagerðin, (2008): | Yfirlitsmynd |
| Teikning 4. VGK Hönnun/Vegagerðin, (2008):: | Grunnmynd og langsnið 1-3 |